

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélagið Lárvík.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Lárvík.
Heimili þess og varnarþing er Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Lárvaðla í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, en þær eru:

1. Mýrarhús,
2. Lág neðri,
3. Krókur,
4. Lágarkot með Lág efri,
5. Skerðingsstaðir,
6. Látravík innri,
7. Látravík, ytri.

3. gr.

Verkefni félagsins er að gera stíflugarð með flóðgátt í Lárósi og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir vegna klaks og fiskeldis, og rækta laxfiska í vatni því, er myndast við stífluna, lofa þeim að ganga til sjávar og veiða þá með þeim hætti, sem samþykktur verður, þegar þeir koma til baka í vatnið. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gangu þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Höfðahreppi, Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Höfðahreppi, skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.****I. Einstakir aðgöngumiðar.**

Fullorðnir, klefar	kr.	14.00
— skápar	—	11.00
Börn	—	4.00

II. Afsláttarmiðar.

Fullorðnir, klefar, 10 miðar	kr.	90.00
— — 20 —	—	170.00
— skápar, 10 —	—	85.00
— — 20 —	—	150.00
Börn — 10 —	—	30.00
— — 20 —	—	50.00